

## Vinnufundur stjórnar 29. september 2015

Mætt eru: Pálmi framkvæmdastjóri, Ásgeir, Sigurður sambandsstjóri og Sólrún Halla

### 1) Farið yfir samning um tómstundamál á milli UMSB og Borgarbyggðar

- margt breyst bæði hjá Borgarbyggð og hjá UMSB
- Búið er að útbúa nýtt húsráð Óðals þar sem nemendaráð allra grunnskóla Borgarbyggðar sitja í því til þess að hvetja nemendur allra skóla til þess að mæta í Óðal.
- Vinnuskólinn er að miklu leyti undir Ámunda þar sem flokksstjórar hafa unnið náið með honum. Nú er sviðsstjóri Umhverfissviðs Borgarbyggðar tengiliður við Ámunda og því kannski óþarfi að tómstundastjóri sé settur þarna á milli.

**Bókun:** Pálmi leggur til við Borgarbyggð að við munum auglýsa í stöðu Tómstundastjóra sem fyrst. Ráðið verður í starfið frá og með 1. desember 2015.

### 2) Farið yfir framtíðarmarkmið UMSB – skoðaðir punktar frá fundum í Hjálmakletti 6. maí 2015 og formannafundi 11. júní 2015.

Tillögur að markmiðum sem komu:

- Fjölga tækifærum fyrir alla í auknu framboði af félagsstarfi og tómstundum
- Efla þjónustuna í dreifbýlinu, færanlegir þjálfarar
- Færniþjálfun reglulega fyrir stjórnir og nefndir aðildarfélaga
- Halda reglulega leiðtoganámskeið fyrir unglinga og fleiri
- Skipulögð starfsemi fyrir eldri kynslóðina
- Má efla kynningamálin
- Kortleggja göngu og hlaupaleiðir
- Eineltis og forvarnarstarf
- Efla afreksmannasjóð fyrir aðra en íþróttafólk
- Skilgreina verkefni UMSB
- Auka þátttöku stelpna í tómstundum og íþróttum
- Kynningar – og skráningarmarkmið
- UMSB í samstarfi við ungmennafélög á svæðinu forgangsraði uppbyggingu íþróttamannvirkja
- UMSB setji sér afreksstefnu sem stuði að eflingu afreksíþróttar, sbr. framtíðarsýn
- Markmið þurfa að vera SMART (Skýr, Mælanleg, Achievable, Raunveruleg, Tímaleg)
- Starfsemin byggist á fagmennsku
- Efla íþróttaskóla og fá sem flesta af yngri kynslóðinni til þess að hreyfa sig
- Þarf að gera greinarmun um hvaða starfsmenn er verið að ráða, hversu mikillar menntunar er krafist.
- Bæta aðstöðu innanhúss í Borgarnesi
- Nýtt íþróttahús
- Að sambandið verði leiðandi í innleiðingu óhefðbundinnar hreyfingar
- Klárlega halda áfram að stefna að 90% þátttöku ungmenna og einhverri líkamsrækt og útbúa könnun um þátttöku á tveggja ára fresti.
- Að öll aðildarfélög séu fyrirmyndarfélög

## **Bókun:**

### **Skammtímamarkmið UMSB 2016 – 2018 eru:**

1. að UMSB fái viðurkenningu sem Fyrirmyndarhéraðssamband ÍSÍ starfsmarkmið:
  - að UMSB hvetji aðildarfélög sín til að taka upp gæðastaðalinn svo fljótt sem verða má
  - að UMSB útbúi verkáætlun gegn einelti
  - að UMSB efli forvarnarstarf
2. að UMSB sinni reglulegri færnipjálfun fyrir nefndir og stjórnir aðildarfélaganna starfsmarkmið:
  - að UMSB útbúi handbók í samstarfi við KPMG um starf gjaldkera ungmennafélaga
  - að UMSB haldi námskeið annað hvert ár fyrir nefndar – og stjórnarmeðlimi aðildarfélaganna
3. að allir á starfssvæðinu stundi einhverja skipulagða líkamsrækt eða félagsstarf starfsmarkmið:
  - að aðstoða aðildarfélögin að setja í gang aðgerðaráætlun til eflingar þátttöku stúlkna í íþrótt- og tómstundastarfi
  - að efla fjölbreytni í starfi eldri kynslóðarinnar
  - að UMSB verði leiðandi í innleiðingu óhefðbundinnar hreyfingar og félagsstarfi
  - að UMSB efli samstarf aðildarfélaganna til þess að nýta sameiginlega þjálfara
4. að efla starfsemi þjónustumiðstöðvar UMSB starfsmarkmið:
  - að kynna hlutverk sambandsins fyrir almenningi og aðildarfélögum
  - að halda úti virkri heimasíðu sambandsins
  - að kynna starfsemi aðildarfélaganna fyrir almenningi

### **Langtímamarkmið UMSB 2019 – 2023 eru:**

1. að efla verkefni sambandsins og skjóta þannig styrkari stöðum undir fjárhagslega starfsemi þess
2. að UMSB reki þjónustumiðstöð sem tengir saman aðildarfélög og almenning.
3. að öll aðildarfélög UMSB fái aðstöðu til að iðka sína íþrótt eða félagsstarf

### 3) UMFÍ þing í Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015

Pálmi er búinn að panta hótélherbergi fyrir Kristínu, Ásgeir, Sigurð, Þórhildi og Pálma. Hann þarf að skrá líka varamenn ef einhverji forfallast.

**Bókun:** Pálmi skráir Sólrúnu Höllu og Sigurð tómstundastjóra sem varamenn.

### 4) Næstu fundir

Stjórnarfundur fimmtudaginn 22. október í Borgarnesi

Formannafundur fimmtudagurinn 5. nóvember – Pálmi athugar með Hestamannafélagið Skugga, hvort þeir geti haldið fundinn.

### 5) Auglýst staða tómstundastjóra

Auglýsing um stöðu tómstundastjóra verður send í Skessuhorn og Fréttablaðið í næstu viku og umsóknarfrestur rennur út 19. október.